

Ed.

174. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til þess að undirbúa löggjöf um nýbýlahverfi í sveitum.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa milliþinganefnd til þess að undirbúa löggjöf um, að rikissjóður reisi nýbýlahverfi í sveitum.

Nefndin skal skipuð þrem mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum stjórnar Alþýðusambands Íslands, annar eftir tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, hinn þriðja skipar landbúnaðarráðherra, og er sá formaður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndarstörfina greiðist úr rikissjóði.

Greinargerð.

Á undanförunum þingum hafa verið frammi tillögur um að reisa nýbýli í sveitum, til þess aðallega að gefa ungu fólki í sveitum kost á að taka sér þar bólfestu, í stað þess að flytja til kaupstaðanna. Sjálfsagt eru og margir í kaupstöðunum, sem áhuga hafa fyrir ræktun og landbúnaði, og vildu gjarnan, ef mögulegt er, reisa bú í sveit.

Eins og nú er högum háttað, er flestu ungu fólki í sveit meinað að stofna þar heimili; jarðnaði ekki fáanlegt á leigu og óviðráðanlegt að kaupa jörð og áhöfn. Leiðin liggur því nú til kaupstaðanna; þar eru stofnuð flest nýju heimilin. En atvinnufyrirtæki við sjóinn aukast ekki að sama skapi og fólkinu fjölgar þar. Er því vaxandi atvinnuleysi í öllum kaupstöðum og voði búinn vinnandi stéttunum, ef ekki er úr bætt.

Flm. býst ekki við því, að atvinnuleysi myndi réna verulega, þótt tillaga hans um að reisa nokkur nýbýli í sveit komist í framkvæmd, en það ætti að vera einn þáttur í aðgerðum þjóðfélagsins til þess að vinna bug á þeim vágesti.

Engin leið er til þess, að nokkrar verulegar framkvæmdir verði um stofnun nýbýla í sveitum, nema rikissjóður leggi til þess mikið fé, svo sem til að reisa íbúðar- og peningshús og ef til vill samkomu- eða skólahús í nýbýlahverfum.

Ekki þarf að kvarta um, að ræktanleg svæði vanti undir nýbýlin. Í Hnappadals-, Árnes- og Rangárvallasýslum liggja stór og frjósöm ónotuð eða lítt notuð landsvæði meðfram þjóðveginum, tilvalin til að reisa á nýbýlahverfi, að dómi einhvers áhugasamasta jarðræktarmanns á landi hér, Sig. Sigurðssonar búnaðarmálastjóra. Það, sem vantar, er framkvæmd. Ríkissjóður verður að beita sér fyrir framkvæmdum. Einstakir menn geta það ekki í svo stórum stíl sem með þarf.

Nefnd þeirri, sem þingsályktunin fer fram á, að skipuð verði, er ætlað að undirbúa löggjöf um nýbýlahverfin, hvar þau skuli reist, hversu mikið skuli lagt í byggingar, um leigumála og annað, sem fram þykir þurfa að taka í slíkri löggjöf.